

Úthlutunarreglur Starfsmenntasjóðs Starfsmannafélags Hafnarfjarðar

1. Réttur til umsókna í sjóðinn

1.1 Einungis félagsmenn Starfsmannafélags Hafnarfjarðar sem greitt hefur verið af til sjóðsins í 12 mánuði samfelld eiga rétt á að sækja um styrki úr Starfsmenntasjóðnum. Við ákvörðun upphæðar styrkja er miðað við greidd félagsgjöld síðastliðna 12 mánuði. Hálfur styrkur er veittur þeim sem hafa greitt á bilinu kr. 10.000-20.000 samtals í félagsgjöld síðastliðna 12 mánuði. Til að fá fullan styrk skulu félagsgjöldin vera kr. 20.000 samtals.

1.2 Umsækjandi þarf að vera í föstu starfi og launagreiðandi staðið full skil af félagsgjöldum til STH þegar hann sækir um og notar styrkinn.

1.3 Þeir félagsmenn STH sem láta af störfum sökum aldurs eða heilsubrests njóta fullra réttinda í 12 mánuði frá lokum greiðslna atvinnurekanda í Starfsmenntasjóðinn.

1.4 Þeir atvinnuleitendur sem halda áfram að borga félagsgjald í STH njóta fullra réttinda í 12 mánuði frá lokum greiðslna atvinnurekanda í Starfsmenntasjóðinn.

2. Styrkir og ávinnsla réttinda

2.1 Eftir 12 mánuði í starfi geta bæjarstarfsmenn sem greitt hefur verið af sótt um starfsmenntastyrk að upphæð kr. 30.000. Hámarksstyrkur er kr. 90.000 eftir þriggja ára tímabil fyrir bæjarstarfsmenn fyrir fulla ávinnslu réttinda.

Eftir 12 mánuði í starfi geta ríkisstarfsmenn sem greitt hefur verið af sótt um starfsmenntastyrk að upphæð kr. 20.000 að hámarki kr. 60.000 á þriggja ára tímabili fyrir fulla ávinnslu réttinda.

Eftir 12 mánuði í starfi geta bæjarstarfsmenn sem greitt hefur verið af í Vísindasjóð sótt um starfsmenntastyrk að upphæð kr. 90.000 eða að hámarki kr. 270.000 á þriggja ára tímabili fyrir fulla ávinnslu réttinda.

2.2 Nýti félagsmaður rétt sinn til fulls í Starfsmenntasjóði (sbr. grein 2.1) þá öðlast hann umsóknarrétt að nýju, 12 mánuðum síðar og getur þá sótt um lágmarksupphæð kr. 30.000 eða hámarksupphæð kr. 90.000 að þremur árum liðnum. Sömu reglur gilda um umsóknarrétt fyrir ríkisstarfsmenn og Vísindasjóð út frá þeim upphæðum sem þar gilda um lágmarks og hámarksupphæðir.

3. Styrkir til náms og símenntunar

3.1 Kostnaður umsækjenda við nám, námskeið, námsstefnur, ráðstefnur og sambærilega þekkingaröflun sem tengja má starfi og flokka sem starfs- eða símenntun er styrkhæft.

3.2 Frá 1.nóvember er hægt að sækja um styrk vegna náms eða námskeiða sem ekki tengist starfi félagsmanna og fer sú úthlutun fram í desember ár hvert ef afgangur er í sjóðnum.

4. Umsóknarferli

4.1 Umsóknum skal skilað á skrifstofu STH á umsóknareyðublaðum Starfsmenntasjóðs. Hægt er að sækja umsóknareyðublað til útprentunar á www.sthafn.is eða á skrifstofu STH. Umsóknir eru ekki gildar nema að þær séu rétt út fylltar og þeim fylgi viðeigandi fylgigögn.

4.2 Rangar eða illa útfylltar umsóknir geta tafið afgreiðslu styrkbeiðna. Umsóknir verða að berast á skrifstofu STH **fyrir 10. dags úthlutunarmánaðar.**

5. Úthlutun og greiðslur

5.1 Úthlutun styrkja fer fram fjórum sinnum ár hvert; í febrúar, maí, október og desember.

5.2 Greiðslur úr sjóðnum fara einungis fram gegn afhendingu frumrits reiknings. Reikningur skal vera númeraður, með nafni og kennitölu, skilgreindum námstíma og greinilega merktum greiðslukvittunum.

5.3 Greiðslur úr Starfsmenntasjóði STH fara að jafnaði fram innan 14 daga frá samþykkt stjórnar sjóðsins.

5.4 Í byrjun hvers árs eru sendar rafrænar upplýsingar til skattýfirvalda þar sem gerð er grein fyrir styrkþegum og styrkupp hæðum síðastliðins árs. Skattayfirvöld setja styrkinn sjálfskrafa inn á skattframtalseyðublaðið.

Reglur þessar voru samþykktar á stjórnarfundi 15. desember 2015. Stjórn sjóðsins áskilur sér rétt til breytinga án fyrirvara.

Reglur þessar taka gildi 1. janúar 2016.